



Félag löggiltra
endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 140/74
komudagur 10.11.2011

Reykjavík 10. nóvember 2011
Tilvísun FLE 29-2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Sigrúnu Helgu Sigurjónsdóttur

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um stöðuleika í efnahagsmálum, 5 mál.

Með tölvupósti dags. 4. nóvember s.l. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 25. nóvember 2011
1111013 IE

Efni: Umsögn um þátt. um stöðugleika í efnahagsmálum, 5. mál, þskj. nr. 5, lþ. 140.

Með tölvubréfi dags. 4. nóvember 2011 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um þátt. um stöðugleika í efnahagsmálum, 5. mál, þskj. nr. 5, lþ. 140. Þess var óskað að umsögn bærist fyrir 21. nóvember. Vegna anna var ekki hægt að senda umsögn fyrr en nú og er beðist velvirðingar á því.

Almenn atriði:

Jafnréttisstofa leggur á það áherslu að við allar aðgerðir tengdar efnahagsmálum, ekki síst varðandi skattastefnu og skattabreytingar, verði það kannað og þess gætt að ákvarðanir komi ekki með ólíkum hætti við konur og karla og að þær leiði ekki til kynjamismununar.

Samkvæmt jafnréttislögum nr. 10/2008 er markmið laganna að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Samkvæmt 17. gr. laganna skal kynjasambættingar gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð er á vegum ráðuneyta og stofnana er starfa á þeirra málefnasviði. Sama gildir um alla ákvörðunartöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt.

Kynjasambætting felur það í sér að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu, sbr. 2. gr. jafnréttislaga.

Verði þingsályktunin samþykkt beinir Jafnréttisstofa þeim tilmælum til þingsins og stjórnvalda að gæta vel að því að ofangreind lögbundin atriði verði tryggð varðandi alla þá málaflokka sem þingsályktunin nær til.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elfasdóttir
lögfræðingur



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 140/334
komudagur 18.11.2011

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	18. nóvember 2011	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 4. þ.m. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stöðugleika í efnahagsmálum, 5. mál.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún telur í ljósi lögbundinnar stöðu sinnar ekki rétt að taka afstöðu til ofangreindrar þingsályktunartillögu.

Emun Hraun,

Lárus Ögum.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 140/312
komudagur 18.11.2011

Reykjavík, 18. nóvember 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stöðugleika í efnahagsmálum, 5. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins (SA) um ofangreinda þingsályktunartillögu, sbr. þingskjal 5. Samkvæmt tillögunni er ríkisstjórninni ætlað að grípa til ýmissa aðgerða sem hafi það að markmiði að efla stöðugleika í efnahagsmálum, endurskipuleggja skuldir heimila og fyrirtækja og breyta áherslum í skattamálum.

SA telja tillöguna allra athygli verða og geta tekið undir margt með flutningsmönnum hennar. Þannig taka SA undir það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að „ríkisvaldið verður að vera vinsamlegt atvinnulífi, framkvæmdum og uppbyggingu í samræmi við langtímahagsmuni Íslendinga og verndun náttúrugæða. Framtíð Íslands er björt. Landið á auðlindir sem verða enn verðmætari í framtíðinni. Innviðir ríkisins eru sterkir og landið byggir vinnusöm þjóð. Íslendingum mun takast að rétta við efnahag landsins og byggja upp velferðarsamfélagið á ný. Til þess þarf aðeins þor til að taka ákvarðanir í efnahagsmálum og samtakamátt þjóðarinnar.“

I. Endurskipulagning skulda

SA geta ekki tekið undir það sjónarmið að afnema skuli verðtryggingu lána með valdbóði. Innleiðing verðtryggingar á lán til lengri tíma hafði það að markmiði að hvetja til nauðsynlegs sparnaðar í landinu og hamla gegn verðbólgu. Vart verður annað sagt en að umtalsverður árangur hafi náðst í átt að báðum markmiðum. SA telja að mörgum lántakendum og lánveitendum henti betur verðtryggð lán en óverðtryggð og eru því andvíg að afnema þau. Öðrum kunna að reynast betur óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum og takist að ná verðstöðugleika hér á landi á næstu árum verður sá kostur fýsilegri en við núverandi aðstæður.

SA taka undir með flutningsmönnum að óvissa um skuldir heimila og fyrirtækja tefur fyrir efnahagsbata og henni verður að eyða eins fljótt og kostur er. Einnig þarf að takmarka eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum og flýta sölu þeirra svo að þau komist í viðunandi rekstur og eðlilegt samkeppnisumhverfi ríki á markaði.

II. Gjaldmiðilsmál og peningastefna

SA taka undir með flutningsmönnum að afnema þurfi gjaldeyrishöft hið fyrsta og eru sammála þeim um að stefna beri að því að um mitt ár 2012 verði hægt að innleiða markaðsskráningu íslensku krónunnar. Í nýrri skýrslu SA *Rjúfum kyrrstöðuna. Leiðir til betri lífskjara* er í köflum 4 og 6 fjallað um leiðir í gjaldmiðilsmálum og stefnumótun í peningamálum. Vísað er til þeirrar umfjöllunar.

III. Framkvæmdir og atvinna

Í fyrmefndri skýrslu SA er fjallað um mikilvægi nýrra fjárfestinga til að koma Íslandi út úr núverandi kyrrstöðu. SA taka undir stefnumið í þessum kafla þingsályktunarinnar og



mikilvægi þess að stjórnvöld liðki tafarlaust fyrir framkvæmdum með innleiðingu skattastefnu sem ýtir undir fjárfestingu og umsvif í atvinnulífinu fremur en að draga úr þeim. Að öðru leyti er vísað til kafla 8 í umræddri skýrslu SA þar sem fjallað er um innlendar og erlendar fjárfestingar.

IV. Ríkisfjármál

Fyllsta ástæða er til að skoða gaumgæfilega áherslur í ríkisfjármálum eins og þær eru settar fram í þessum kafla þingsályktunartillögunnar. Ísland er háskattaland og opinber útgjöld, að frátöldum lífeyrisgreiðslum, eru hvergi hærri hlutfallslega meðal OECD ríkja. Stýring ríkisfjármála ætti að beinast að jöfnuði í ríkisbúskapnum og draga úr reglubundnum útgjöldum ríkissjóðs þannig að tekjurnar dugi fyrir þeim. Í skýrslu SA *Rjúfjum kyrrstöðuna. Leiðir til betri lífskjara* er í köflum 3 og 9 fjallað um lögfestingu trúverðugrar fjármála­reglu og leiðir til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum. SA taka undir með flutningsmönnum að mikilvægt sé að hefja vinnu við endurskipulagningu á ríkiskerfinu með það að markmiði að auka skilvirkni og spara kostnað. Við sparnað og endurbætur í ríkisrekstri er lykilatriði að forgangsraða. Í ritinu *Nauðsynlegar umbætur í fjármálum hins opinbera* sem SA gáfu út í júní 2010 má einnig finna áherslur SA um hvernig ná megi jöfnuði í ríkisfjármálum með bættri gerð og framkvæmd fjárlaga og með markvissara skipulagi opinberrar þjónustu.

V. Skattastefna og skattkerfisbreytingar

SA taka undir með flutningsmönnum tillögunnar að markmið skattlagningar er tekjuöflun fyrir ríkissjóð en því miður hafa önnur sjónarmið ríkt síðustu árin. Sú skattastefna sem núverandi ríkisstjórn tók upp árið 2009 og hefur fylgt eftir hefur valdið atvinnulífinu ómældum skaða og aflar ríkissjóði ekki þeirra tekna sem til stóð. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni bendir flest til að þær skattahækkningar sem núverandi ríkisstjórn hefur staðið fyrir hafi leitt til vaxandi undanskota frá skatti og dregið úr hvata fólks til öflunar tekna og aukinnar verðmætasköpunar í þjóðfélaginu. SA taka undir með flutningsmönnum að innleidd verði skattastefna sem ýtir undir fjárfestingu og umsvif í atvinnulífinu og liðkar til fyrir mannaflsfrækum framkvæmdum. Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands gáfu út í september 2010 rit með ítarlegum tillögum til umbóta á skattkerfinu sem hafa það að markmiði að efla fjárfestingu, auka atvinnu og bæta lífskjör. Ritið heitir *Skattkerfi atvinnulífsins. Fjárfesting - atvinna - lífskjör*.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins